

að vanrækslan valdi tjóni. Bæjarsjóður greiði kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir til þess að hindra brot gegn samþykktinni, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

49. gr.

Bæjarsjóður greiðir allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykkt þessari og eigi verður krafist af einstökum mönnum.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Grindavíkur hefur samið og samþykkt samkv. lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. mars 1980.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

SAMÞYKKT

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Sauðárkrókskaupstað, nr. 165
16. maí 1974.

1. gr.

Í stað „35 km á klukkustund, nema þar sem annað er ákveðið og tilgreint með umferðarmerkjum“ í 1. málsl. 30. gr. komi: 50 km á klukkustund í þéttbýli.

2. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sauðárkróks hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. mars 1980.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumanns Húnavatnssýslu um flutning þingstaðar í Engihlíðarhreppi í A-Húnavatnssýslu:

„Samkvæmt tillögu yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 26. þ. m., og ósk hreppsnefndar Engihlíðarhrepps í A-Húnavatnssýslu, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Engihlíð í Engihlíðarhreppi að Fremstagili í sama hreppi, enda annist hreppsnefndin um að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt húsrými til þinghaldanna.

Þetta tilkynnist yður hér með til frekari birtingar.“